



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



Ösp

2024 – 2025



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglíngar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 .....	5
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	7
4 Innra mat deilda .....	9
4.1 Skýjaland .....	9
4.2 Regnbogaland .....	12
4.3 Stjörnuland.....	15
5 Innra mat sérkennslu.....	17
6 Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.....	19
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	22
9 Foreldrasamvinna.....	23
10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	24
11 Fylgiskjöl .....	24
11.1 Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal 2024-2025 .....	25
11.2 Fylgiskjal 2 – Tímarammi samstarfsáætlunar 2024-2025 .....	26
11.3 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs .....	27



## Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans eru vellíðan – jafnrétti – málörvun – lýðræði – sköpun – leikur

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólaárið 2023-2024 fór vel af stað í Öspinni. Eitthvað var um mannabreytingar en búið var þó að ráða í allar stöður í lok ágúst. Það varð tímabundin fækkun í barnahópnum á meðan verið var að undirbúa komu nýja starfsmannahússins og voru börnin í heildina 46 í tvo mánuði. Húsið kom í október, tilbúið til notkunar um miðjan nóvember og var mjög mikil ánægja með það. Með því kom rúmbetri kaffistofa, undirbúningsherbergi og fundaraðstaða fyrir starfsfólk, sem leiddi til þess að hægt var að nýta leikskólahúsnæðið betur með börnunum. Barnafjöldinn var kominn aftur í 52 börn 1.nóvember 2023.

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, kom í opinbera heimsókn til Reykjavíkur 23.nóvember 2023. Hann kom í leikskólann Ösp ásamt föruneysi þar sem hann fékk kynningu á MOLF verkefninu í Fellahverfinu, sem Halldóra leikskólastjóri í Ösp og Elísabet Helga Pálmadóttir, fagstjóri leikskóla í Suðurmiðstöð voru með. Elstu börnin í Ösp og Holti ásamt börnunum í 1.bekk í Fellaskóla komu saman í sal Aspar og sungu fyrir Forsetann og aðra gesti. Í lok heimsóknar rölti hann um garðinn og spjallaði við börn og starfsfólk.

Megináhersla menntastefnunnar var áfram læsi, sem fléttaðist einnig inn í aðra þætti hennar. Í vetur lögðum við áherslu á starfsmannahópinn, þeirra hlutverk í sjálfsprottum leik barnanna, starfsþróun og tækifæri til að hafa áhrif á starfið. Það var stofnað læsisteymi í leikskólanum, í því er fulltrúi deildarstarfsfólks af hverri deild ásamt verkefnastjóra fjölmenningar, sjá nánar í kafla 6. Næsta leikskólaár munum við styrkja læsisteymið og þeirra hlutverk enn betur.

Við virkjuðum „Gleðikassann“ sem er á kaffistofu starfsfólks og það getur komið með hugmyndir að því sem þeim finnst mega gera betur eða bæta, hvort sem er fyrir vinnustaðinn í heild, hópefli fyrir starfsmenn eða það sem þeim dettur í hug. Skemmtinefndin tók þátt í þessu og skipulagði hálfan starfsdag í apríl sem snéri eingöngu að hópefli fyrir starfsmannahópinn.

Á öllum deildum var hlutverk starfsfólks í sjálfsprottum leik barna í umbótaáætlun. Þetta rímaði mjög vel við nýuppfærða Aðalnámskrá leikskóla og fór leikskólastjóri í rannsóknarvinnu með starfsfólki á elstu deild í það hvernig best væri að styðja við starfsmannahópinn og virkja hann í sjálfsprottum leik og nýta sem best þau námstækifæri sem í honum gefast. Í þeirri vinnu gafst einnig tækifæri til að skoða nýtingu námsrýma og aðgengi barnanna að efnivið. Þessi vinna gekk mjög vel og stefnt er að því að nýta það sem vel tókst og færa þekkingu starfsfólks elstu deildar inn á báðar yngri deildarnar næsta leikskólaár.



Stjórnendateymið fékk tækifæri til að fara í „jobshadow“ vinnuferð til Danmerkur og Svíþjóðar. Tveir deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri fóru til Danmerkur. Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og einn deildarstjóri fóru til Svíþjóðar. Í þessum ferðum gafst tækifæri til að fylgjast með og taka þátt í vinnu með börnum og ræða um áherslur og aðferðir. Sérstaklega var horft til vinnu með börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem og inngilding, þ.e. þátttöku allra í daglegu starfi. Þessi ferð var mjög áhrifarík og skilaði sér til annarra starfsmanna og í starfið með börnunum á öllum deildum.

Í lok september 2023 var lokaskýrslu um MOLF (Málþroski og læsi í Fellahverfi) skilað til Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Á sama tíma rýndum við í næstu skref saman, það hefur náðst mikill árangur með þessu samstarfi, Miðja máls og læsis vinnur með okkur og styður við mat á orðaforðaaukningu barnanna. Niðurstöður frá MML notum við svo til að sjá hvar þarf að gera betur og hvað gengur vel. Deildarstjóri máls og læsis í Fellaskóla, Brynja Baldursdóttir, festi vikulegar heimsóknir sínar í leikskólana og er orðinn starfsmaður bæði Holts og Aspar, 10% í hvorum leikskóla. Samstarfið verður sífellt betra og hægt er að sjá nánar um skipulagið í fylgiskjali 2. Í fyrsta sinn var útskrift elstu barna í leikskólum Holts og Aspar sameiginleg, haldin í Fellaskóla. Skólustjóri Fellaskóla tók á móti okkur og bauð börnin velkomin og ætlum við að halda því fyrirkomulagi áfram. Á haustfundi foreldra var Brynja með fræðslu fyrir foreldra og með henni var Aðalheiður, talmeinafræðingur í Fellaskóla.

Líkt og síðustu ár hefur komið töluvert af gestum til okkar að fræðast um starfið okkar í leikskólanum og samstarfið í Fellahverfi. Við höfum stolt tekið á móti stórum og litlum hópum bæði frá leikskólum innanlands sem og erlendis frá. Mikil reynsla og fagleg þekking á vinnu með fjöltyngdum börnum hefur skapast í leikskólunum Ösp og Holti og verið er að vinna að því að leikskólarnir verði skilgreindir sem sérhæfðir leikskólar í tengslum við það.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Leiðbeiningar samtöl leikskólastjóra við stjórnendur</b>	Leikskólastjóri fór yfir tíma sem settir voru niður	Leikskólastjóri	Varð alls ekki eins markvisst og það átti að vera. Verður áfram í umbótaáætlun.
<b>Skólanámskrá Aspar</b>	Á skipulagsdögum og deildarstjórafundum	Allir starfsmenn	Er í vinnslu og búið er að gera áætlun um skil á nýrri skólanámskrá í samæmi við breytingar á Aðalnámskrá leikskóla
<b>Þátttaka starfsfólks í sjálfsprottum leik</b>	Á skipulagsdögum, deildarfundum og deildarstjórafundum	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri fór í markvissa vinnu með starfsfólki á elstu deild og þar urðu töluverðar breytingar á námsrými, aðgengi barnanna að efnivið og þátttöku starfsfólks í sjálfsprottum leik. Næsta ár munum við halda áfram og festa það í sessi sem vel gekk. Leikskólastjóri mun vinna svipað með yngri deildum næsta skólaár.
<b>Aukið rými fyrir börn og starfsfólk</b>	Starfsmannaaðst aða komin	Starfsmenn	Með komu aukinnar starfsmannaaðstöðu jókst



			einnig rými fyrir börnin og aðstaða sérkennslu.
<b>Gleðikassinn</b>	Reglulega minnt á kassann og skemmtinefnd nýtti hann einnig sem hugmyndakassa	Stjórnendateymi og skemmtinefnd	Starfsfólk nýtti hann betur til að koma á framfæri hugmyndum sínum. Hálfur skipulagsdagur var tekinn í hópefli út frá þeirra hugmyndum og var svo metinn eftir það
<b>Foreldrabæklingur</b>	Lesinn yfir af starfsfólki og foreldraráði.	Starfsfólk og foreldraráð	Var settur betur upp, Settar inn viðbætur frá foreldraráði.
<b>MOLF (Málþroski og læsi í Fellahverfi)</b>	Á sameiginlegum fundum í Fellaskóla og á skipulagsdögum	Stjórnendateymi og deildarstjórar sem sitja reglulega fundi í Fellaskóla	Verkefnið hefur gengið vel, lauk með lokaskýrslu stjórnenda og Miðju máls og læsis sem send var til ráðuneytisins.

## Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Viðhorfskönnun starfsfólks</b>	Gallup sendi könnun	Starfsmenn	Könnunin kom vel út og hækkaði heildarmatið. Mikil ánægja með stjórnun, starfsanda og vinnuskilyrði en lítil ánægja með laun. Sveigjanleiki vinnu hafði einnig lækkað.



### 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
Leiðbeiningarsamtöl leikskólastjóra við stjórnendur.	Eiga markvisst fagleg samtöl við millistjórnendur	Tímasetja fundir fyrir allt skólaárið	leikskólastjóri	Sept 2024	Maí 2025	Sett í dagbækur og fylgt eftir af leikskólastjóra	Að millistjórnendur fái tækifæri til að spegla sig og eiga faglegt spjall um það sem varðar þeirra ábyrgð og stjórnun
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
Skólanámskrá á Aspar	Endurmeta og klára skólanámskrána	Gefa út skólanámskrá	Aðstoðarl eikskólastjóri og leikskólastjóri	Sept. 2024	Jan. 2025	Verkátlan skilað til SFS 1.júlí 2024	Skólanámskrá á Aspar
Þátttaka starfsfólks í sjálfsprottum leik	Efla þátttöku starfsfólks í sjálfsprottum leik barna	Deildarstarfsfólk setji sér markmið og leikskólastjóri styðji við og hjálpi þeim	Starfsfólk og stjórnendur	Sept. 2024	Maí 2025	Starfsfólk setur sér markmið og metur stöðu þeirra reglulega yfir skólaárið.	Efla öryggi starfsfólks við að stíga inn í sjálfsprottinn leik barna og nýti námstækifær



		við að ná þeim				Meðal annars í snerpusamtölum við leikskólastjóra	in sem þar gefast
Mannauður/ Leikskólabragur							
Læsis-teymi	Auka samvinnu þvert á deildir í tengslum við læsi	Tímasetja fundi læsis-teymi s Fræðsla til teymisins	Aðstoðarl eikskólastjóri	Sept. 2024	Maí 2025		Samræmi í læsistengdri vinnu með börnunum
Sérkennsluteymi	Efla stuðning starfsfólks við börn sem þurfa meiri aðstoð við að taka þátt í daglegu starfi	Að aukinn stuðningur verði markvisst á deildum eftir þörfum	Sérkennslustjóri	Sept. 2024	Maí 2025	Metið á deildar- og deildarstjórafundum. Einnig mat teymis um jóla og vor	Að öll börn verði virkari þátttakendur í leikskólastarfinu
Innra mat							
Foreldrakönnun á innra starfi deilda	Efla samstarf við foreldra	Senda foreldrum upplýsingar reglulega um starf á deildum	Stjórnendateymið	Sept. 2024	Maí 2025	Könnun til foreldra Ein í des. 2024 og önnur í maí 2025	Efla tengsl foreldra í leikskólastarfinu





## 4 Innra mat deilda

### 4.1 Skýjaland

Haustið 2023 fór að stað með aðlögun í lok ágúst en við vorum frekar lengi að aðlaga inn eða til október vegna breytinga á nýja húsinu á lóðinni. Í aðlöguninni lögðum við upp með lengri pásu á milli aðlagana og fannst starfsfólkinu það ganga mun betur og að börnin sem komu fyrst fengu smá tíma til að kynna okkur og leikskólastarfinu áður en næsta aðlögun hófs. Einnig röðuðum við börnum inn í aðlögun eftir fyrstu viðtölin vegna þess að við vildum kynna foreldum og börnum fyrst.

Börnin á Skýjalandi veturinn 2023-24 voru fædd árið 2021-2022. Eftir aðlögun var gerð á breyting á hópastarfi og fækkað í þrjá hópa úr fjórum. Fjórða daginn reyndum við að nýta í bókasafnsferðir og hreyfingu en það gekk ekki alltaf vel að fá tíma á bókasafninu sem hentaði okkar tíma og starfi. Þegar nýja húsið kom fengum við líka afnot af salnum eins og notuðum við salinn fyrir hreyfistundir sem tókust mjög vel. Næsta vetur 2024/25 verða börn fædd 2022 – 2023 á deildinni.

**Hlutverk kennarar í frjálsum leik:** Á síðustu umbótaáætlun settu allar deildir inn að bæta hlutverk starfsfólks í frjálsum leik. Við á Skýjalandi ætlum að halda áfram að bæta hlutverk okkar kennara í frjálsum leik og efla hann bæði með því að koma inn í leik barna og færa reglulega dót á milli svæða, sú hugmynd kom á starfsdegi. Einnig verður unnið markvissar með Gefðu 10 með skráningum og verður gert einu sinni fyrir áramót og einu sinn eftir áramót til að kortleggja barnahópin. Næsta vetur munum við einnig nýta okkur skráningar úr verkfærakistunni til að kortleggja hópinn út frá félagsfærni og samskiptum.

**Þulur og vísur:** Til að auka málörvun barna var lagt til að setja inn í tengslum við þema leikskólans þulur/vísur. Deildarstjóri velur eina þulu/vísu í tengslum við hvert þema og verður hún lögð fyrir í samverustundum á morgnana.

**Tákn með tali:** Okkur langar að auka tákn með tali bæði með sögn og daglegu tali. Með aukni tákni með tali erum við að gefa þeim börnum tækifæri á að skilja og lesa betur í aðstæðurnar í daglegu samskiptum. Einnig eykst söngurinn með táknum og hreyfingu.

**Lykilpersóna í aðlögun:** Á starfsdegi fengum við fyrirlestur varðandi aðlögun leikskólabarna. Þar kom fram að mikilvægt væri fyrir börnin að hafa lykilpersónu í aðlögun og á starfsmaður að tengjast barninu og foreldum þeirra. Lykilpersóna mun fá allar upplýsingar um barnið áður en það byrjar í aðlögun. Með því eykst öryggi og vellíðan barnsins strax frá upphafi í komandi leikskólastarfi.



## Það sem gekk vel í vetur

Í vetur gekk vel að halda utan um deildarfundum og á Skýjalandi vorum við með deildarfund á þriggja vikna fresti, eining náðum við að halda utan um að allir fengu sinn undirbúning til að skipuleggja starfið.

Lubbi var markvisst lagður inn bæði í hópstarfi og samverustundum. Í lubbastundum var farið yfir staf vikunnar og orð sem tengjast þeim stafi, einnig var æfð hljóðamyndun út frá nokkrum stöfum í leikum og lærum með hljóðin. Eftir vetur var gert mat með börnunum hvernig þeim fannst lubba starfið, deildarstjóri sýndi þeim mynd af Lubba bók og var með tvær myndir eina ef brosskalli og hina af fýlukalli og áttu börnin að benda á brosskall ef þeim fannst Lubba bókinn skemmtileg eða fýlukall ef hún var ekki skemmtileg. Ellefu börn svöruðu og sjö börn sögðu að hún væri skemmtileg og fjögur leiðinleg.

Í söngstund var markvisst lögð áhersla á söng bæði með hreyfingum og tákni. Börnin fengu að taka oft þátt með vali á lögum við því að velja myndir með lagi til að syngja. Til að meta söngstundina með ungum börnum var ákveðið að setja upp helstu löginn sem voru sunginn yfir vetur upp á töflu og börnin áttu að benda á lagið sem þeim fannst skemmtilegast og fengu öll börn að velja þrjú lög og voru þau skráð niður á blað.

Metið var með börnum eftir veturinn og stöðu þessi lög upp úr var *Kalli litli könguló*, *Í leikskóla er gaman*, *Brunabílinn*, *Ding dong* og *Nammilagið*. Kennarar á deildinni bjuggust við að „Brunabílinn“ og „Um landið brunar bifreiðar“ myndu vera ofarlega þar sem þetta eru löginn sem börnin biðja fyrst um í söngstund.

Foreldrakönnun var send á alla foreldra á deildinni, í könnuninni var lagt upp með þrjár spurningar sem voru „Hvernig líður barninu þínu í leikskólanum?, Þekkið þið Lubba löginn og er hlustað á þau heima? Og Hvað getum við gert betur?“ spurningar voru bæði á íslensku og ensku. Því miður komu ekki nógu mörg svör svo við munum gera þetta markvissar og kynna það betur á næsta ári.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Þulur og vísur	Að vinna með eina þulur/vísur á 4 vikna fresti	Lagt inn ein þula/vísa á 4 vikna fresti	Deilda rstjóri	Sept 2024	Vor 2025	Á deildarfundum, hvernig gengur að leggja inn og	Á deildarfundum verður farið yfir



	í tengslum við þema					hvað bæti gera betur	hvernig gekk að æfa þuluna/vísuna
Hlutverk kennara í frjálsum leik	Virkja þátttöku starfsfólks í frjálsum leik. Fjölga þeim stundum sem börnin heyra íslensku	Fræða starfsfólks um hlutverk þeirra í frjálsum leik og mikilvægi þátttöku þeirra.	Deilda rstjóri og allt starfsfólks á deildinni	Sept 2024	Maí 2025	Nýta gefur 10 skráningu á þeim börnum sem eru á svæði starfsmanni í vali og frjálsum leik	Nýta skráningar blöðin og rætt á deildarfundum.
Tákn með tali	Fjölga leiðum til samskipta fyrir börnin	Börnin og kennarar noti tákn með tali í söng og daglegum samskiptum	Allt starfsfólks á deildinni	Sept 2024	Maí 2025	Lögð inn ný tákn og þau höfð sýnileg fyrir börnin	Ræða á deildarfundum hvernig gekk að leggja inn táknin
Lykilpersóna í aðlögun	Veita börnunum öryggi og vellíðan í aðlögun	Starfsmenn tengjast barni og foreldum betur	Allt starfsfólks á deildinni	Ágúst 2024	Okt. 2024	Rætt á deildarfundum hvað gekk vel og hvað má betur fara	Skráning á því hvernig gekk



## 4.2 Regnbogaland

Á Regnbogalandi hófum við haustið 2023 með 16 börn fædd árið 2019 – 2021. Vegna plássleysis á elstu deild urðu börnin 17 í nóvember og vorum við með 3 árganga. Við höldum áfram að vinna með sama skipulag í hópstarfi, þar sem hóparnir rúlluðu á milli hópstjóra og hittu einn hópstjóra í einu. Unnið var mikið með sköpun barna, málörvun og Lubbastundir. Hver starfsmaður fékk að vinna út frá sínu áhugasvið í verkefnum sem tengjast þemanu hverju sinni, en hvert þema er í fjórar vikur í senn. Við hófum strax hópstarfið í september þegar aðlögun var lokið á Regnbogalandi. Lubbi er kominn sterkt inn á Regnbogaland og er megnið af starfinu tengt honum á einhvern hátt. Eftir áramót byrjuðum við að senda Lubba heim með börnunum á föstudögum og báðum við foreldra að senda okkur myndir af því sem börnin gerðu með Lubba yfir helgina. Þegar börnin komu svo í leikskólann á mánudeginum þá sögðu þau frá myndunum í samverustund. Næsta skólaár verða börn fædd 2020 – 2022 á Regnbogalandi.

**Hlutverkaleikur í sjálfsprottum leik og útiveru:** Í síðustu umbótaáætlun var lögð áhersla á að starfsmenn yrðu meiri þátttakendur í sjálfsprottum leik barnanna og í útiveru. Nýttur var hluti af starfsdegi til fræðslu fyrir stafsfólk og var starfsfólk hvatt til að koma með hugmyndir af því hvernig hægt væri að auka og örva samskipti við börnin í útiveru og í sjálfsprottum leik. Samtöl við börnin í leik og útiveru gengu betur en við notuðum „gefðu 10“ einu sinni yfir veturinn til þess að skrá hversu mikið hvert barn fær af samtali yfir vikuna. Niðurstöður voru notaðar til ígrundunar og til að bæta okkar starf á deildinni. Börnunum var gefið tækifæri til að velja meira sjálf í leiknum til að ýta undir sjálfsprottinn leik, og fengu þau tækifæri til að blanda efnivið og leikföngum meira saman. Við ætlum að halda áfram með þetta átak í næstu umbótaáætlun því að við viljum dýpka okkur meira í útveru og sjálfsprottum leik barna.

**Lestur:** Markmiðið var að bæta sögustund fyrir yngra hópinn þar sem þau sváfu á þeim tíma sem sögustundin fer fram. Breyting var gerð á og eru sögustundir eftir kaffitíma hjá börnunum og eru þá ekki bara lesnar bækur heldur notaðar loðtöflusögur líka til að gera stundina fjölbreyttari og meira lifandi. Sögustundin gekk vel í byrjun ársins en slaknaði aðeins eftir áramótin. Við ætlum því að halda áfram að vinna að því að koma sögustund fast inn í dagskipulag og að bæta við bókasafnsferð fyrir börnin einu sinni í viku.

**Tónlistartími barna:** Rætt var á deildarfundum að bjóða uppá tónlistartíma hjá börnunum einu sinni í viku. Deildarstjóri ætlar að skipuleggja og sjá um þessar stundir. Hugmyndin er að skrá árangur og ígrundun eftir hverja stund og verður það svo rætt á deildinni. Markmiðið er að efla söngþroska barna og hljóðfæra skynjun. Eftir áramótin verðum við með þulu og rím mánaðarins,



deildarstarfsmaður er búin að undirbúa nokkrar sjónrænar útgáfur af lögum og fá börnin að velja hvað þau eru að vinna með. Þulur og rímið sem unnið er með verður tengt tónlistartíma barna. Gekk vel að vinna með eftir áramót en verður haldið áfram að vinna með að útfæra þetta betur.

**Tákn með tali:** Eitt af markmiðunum næsta vetur er að koma „Tákn með tali“ markvisst inn í starf barna og kennara. Okkur finnst mikilvægt að allir hafi leiðir til samskipta og eru táknin til þess að auðvelda það. Einnig ætlum við að bæta líka táknum inn í söng og hreyfingu barna.

**Mat barna:** Í vor var ákveðið að gefa börnunum tækifæri til að meta hvað þeim fannst skemmtilegast að gera í leikskólanum í vetur. Það sem var efst á lista hjá börnunum var að mála með kennurum, leika sér í útveru, barbie og ísdót. Einnig var mikið talað um Lubba en börnunum fannst skemmtilegt að taka Lubba með sér heim og fara í Lubbastundir.

**Hvað gekk vel í vetur:** Hópastarfið gekk mjög vel hjá okkur þar sem allir voru ánægðir með sitt hópastarf, þau sem komu í afleysingu vissu alveg hvað þau ættu að gera með börnunum.

Dagskipulagið var mjög vel læsileg og skipulagt þar sem var talað um að allir vissu hvað þau ættu að vera að gera hvern dag. Rýmin voru vel nýtt, innra herbergi deildarinnar var breytt og er meira rými fyrir börnin að leika sér og er það mjög mikið notað í sjálfsprottum leik barnanna. Samvinnan á deildinni gekk mjög vel og líður öllum vel á deildinni. Sjálfsprottinn leikur barna er komin meira inná deild en við viljum bæta hann enn meira. Hlutverk starfsfólk: hafa allt skýrt þannig að þau viti hvað þau eiga að vera að gera. Afleysingar vita alltaf hvert hlutverk þeirra eru inná deild.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverkaleikur í sjálfsprottum leik og útiveru	Að fjölga stundu m sem börnin okkar heyra og fá tækifæri til að tala íslensku	Fræða starfsfólk um hlutverk og mikilvægi þátttöku þeirra í sjálfsprottum um leik	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Sep t. 2024	Maí 2025	Nýta „Gefðu 10“ skráningar á börnum sem eru á svæði starfsmannsins í sjálfsprottum leik	Nýtum skráningarblöðin og rætt á öllum deildarfundum hvernig gengur



Lestur	Markmiði að fara í fleiri bókasafn ferðir með börnin	Að börnin fái nýtt umhverfi í lestri og fái að heimsækja bóksafnið	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Sep t. 2024	Maí. 2025	Deildarfundir og samtöl á deildinni til að meta hvort þetta fyrirkomulag gangi upp	Markmiðið er að örva þekkingu barna um umhverfið sitt
Tónlistatími	kynna tónlist meira fyrir börnunum	Fræða starfsfólk um hlutverk og þátttöku þeirra í tónlistastund	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Sep t. 2024	Maí. 2025	Skráningarblað og meta á deildarfundum	Markmiðið er að örva tónlist í líf barna. Nýtum skráningarblöðin
Tákn með tali	Fjölga leiðum til samskiptanna	Fræða starfsfólk um mikilvægi fyrir börnin að geta notað tákn	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	sept. 2024	Maí. 2025	Að táknin verði meiri sýnaleg fyrir börnin og koma meiri ný tákn inná deild	Markmiðið er að bæði börnin og kennarar fari að nota tákn með talið



### 4.3 Stjörnuland

Veturinn 2023-2024 voru 22 börn á Stjörnulandi fædd árið 2018 og 2019. Deildarstjóri deildarinnar fór í fæðingarorlof og starfsmaður deildarinnar tók við sem deildarstjóri þennan vetur. Skipulag deildarinnar var með sama hætti, höfðað var til áhugasviðs hópstjóra, hópunum var skipt eftir aldri og unnið var eftir þemu. Börnin höfðu mikinn áhuga á hópastarfi og allir vildu taka þátt.

Síðasta haust hófst vinna við að breyta frjálsum leik. Halldóra og Saga komu inn á deildina og voru að hjálpa okkur að innleiða sjálfssprottinn leik. Börnin stýra leiknum og kennarar eru virkir þátttakendur í leik og styðja við börnin og koma þannig í veg fyrir árekstra. Mikilvægt er að kennarinn skapi umhverfi fyrir öll börn í leiknum. Í byrjun gekk mjög erfiðlega og kennarar upplifðu mikið álag og óreiðu. En fljótt sáu kennarar kostina og börnin urðu miklu rólegri og ánægja með breytinguna bæði hjá börnum og kennurum.

Á vordögum var börnunum gefin kostur á að meta starf deildarinnar og héldum við málþing. Þar sem börnin gátu sagt skoðun sína og greitt atkvæði. Niðurstaðan var að börnunum þykir almennt gaman í leikskólanum þó kom í ljós að skólahópur var aðeins jákvæðari en þau yngri.

#### **Umgengni með umhverfi að leiðarljósi**

Gekk vel börnin fóru nokkrar ferðir á grenndarstöð. Börnin voru rosalega dugleg að ganga garðinn og týna rusl. Enn þá getum við gert betur í að nýta efnivið pappír og fleira.

#### **Lestur/bókaormur þátttakabarna í lestrarstundum**

Bókaormur festist í sessi í vetur og var fastur liður einu sinni í viku. Börnin vildu taka þátt og fannst þetta mjög skemmtilegt. Flestir þurftu aðstoð við að segja frá bókinni en voru duglegir að sýna myndir svo allir gátu tekið þátt. Lestarstundum var breytt nokkrum sinnum yfir veturinn og fundum við bestu leiðina fyrir þennan hóp. Þessum hóp hentaði best að vera öll saman með fleiri kennurum. Vel gekk að virkja börnin í sögustundum og oft sköpuðust miklar umræður um söguna.

#### **Söngur**

Það gekk ágætlega, við lærðum nokkur ný lög og vísur og stækkuðum lagabankann okkar. Einnig buðum við yngri börnunum að æfa með okkur löggin fyrir Barnamenningarhátíð. Kennarar fóru á TMT námsskeið einn frá hverri deild og erum við að innleiða fleiri hreyfingar í lög sem við syngjum. Við munum halda þessu inni fyrir næsta vetur

#### **Hlutverk starfsfólks í frjálsum leik og útiveru**



Segja má að það hafi gengið vel þetta fór frá frjálsum leik yfir í sjálfssprottinn leik. En með því að virkja kennara og gera þá þátttakendur í leiknum hefur orðið mikil breyting. Þeir kennarar sem eru á deildinni núna voru ekki allir þegar Halldóra og Saga komu inn með hugtakið sjálfssprottinn leikur við höldum því áfram að vinna með þetta næsta vetur.

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁ TTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok ið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
Sjálfsspr ottin leikur	Virkja þátttöku starfsfólks í leik. Að fjölga stundum sem börnin okkar heyra og fá tækifæri til að tala íslensku	Börnin velja hvaða leikföng eru í boði og þau stýra leiknum. Fræðsla til kennara um þátttöku.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Í sept 2024	Í ma í 20 25	Metið á deildarfundu m 2 á önn.	Nýtum okkur skráningarbl öð.
Söngur / þulur og vísur	Að vinna með þulur og vísur tengd þema. Læra fleiri lög og hreyfingar	Í samveru stundum á morgnanna og fyrir sögustund.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Í sept 2024	Í ma í 20 25	Á deildarfundu m	Taka upp myndband í byrjun og enda.
Umgeng ni með umhverf ið að leiðarljó si	Að vekja börnin til umhugsunar um umhverfið. Að virkja bæði börn og kennara um nýtingu efniviðs.	Fræðum börnin um umhverfið. Förum 2x í mánuði með börnin á grenndar stöðvar með pappír og plast	starfsmenn deildarinnar.	Í sept 2024	Í ma í 20 25	Metið á deildarfundu m einusinni á hverri önn	Að gera börnin meðvitaðar um umhverfismá l og þeirra nærumhverfi hvað þau geta gert





## 5 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2023-2024

Í leikskólanum í vetur voru bæði börn í 1. og 2. flokki í sérkennslu. Sérkennslan hefur verið skipulögð eftir þörfum hvers einstaklings. Allir einstaklingar í 1. og 2. flokki. Börnin í 1. flokki eru með fullan stuðning alla daga miðað við úthlutun en börnum í 2. flokki er fylgt eftir þörfum ásamt einstaklingsvinnu með þeim sem það þurfa. Unnið er með skammtíma- og langtímamarkmið og framfarir mældar með því að fylla út APES lista.

Breytingar urðu á fjármagns úthlutunum áramótin 23/24 og datt 2. flokkurinn út í þeirri mynd sem hann hafði verið. Börn sem áður voru í þeim flokki tilheyra nú því sem kallast „snemmtæk íhlutun“, börnin hér héldu þó sínu fjármagni og færðust í 1.flokk eftir þörfum þeirra.

Fyrirkomulag sérkennslunnar er í stöðugri þróun en leitast er við að skapa lærdómssamfélag, efla þekkingu og sjálfstæði starfsfólks og vinna í teymisvinnu. Haustið 2022 byrjuðum við að prófa okkur áfram með því að láta sérkennara skiptast á að vera með börnin bæði til þess að gefa börnunum tækifæri til þess að kynnast mismunandi kennsluaðferðum og til þess að sérkennarar næðu að mynda tengsl við börnin, við höfum haldið okkur við þetta fyrirkomulag og hefur það gengið nokkuð vel.

Unnið hefur verið með að bæta skipulag vinnustunda með því að halda einskona bókhalda um vinnustundir til þess að geta betur fylgst með hversu reglulega börnin komast í vinnustundir og hvað er verið að vinna með. Næsta haust stefnum við á frekari breytingar til þess að geta komið betur til móts við öll þau börn sem þurfa á sérkennslu að halda hvort sem það er til lengri eða skemmri tíma.

Reglulegir teymis fundnir hafa verið haldnir yfir veturinn. Í teymi barnsins eru: foreldrar, stuðningsaðili, sérkennslustjóri og fulltrúi frá Suðurmíðstöð (og aðrir sem koma að þjónustu við barnið eins og t.d. sjúkrapjálfari). Á teymisfundum er farið yfir áherslur og vinnu sem hefur farið fram í leikskólanum og heima, tekna ákvarðanir um næstu skref í samráði við forelda.

<b>Skipulagning sérkennslu</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau	Mikil áhersla er á að börnin séu virkir þátttakendur í starfi sinnar deildar. Sérkennarar og annað starfsfólk styður við börnin og aðstoðar þau við þátttöku í þeim stundum sem þau eiga erfitt með. Í einstaka tilfellum ráða börnin ekki við hópstundir/hópvinnu og þá er þeim boðið í einstaklingsvinnu með kennara. Þau börn sem eru með stuðning hluta úr degi er einnig sinnt eftir þörfum og þá fá deildirnar auka starfsmann inn til þess að veita stuðning í þeim aðstæðum sem barnið/börnin eiga erfitt með. Þegar börn fara í vinnustundir/einstaklingsvinnu er reynt eftir bestu getu að velja tíma sem raskar sem
--	--



taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	minnst félagslegri þátttöku barnsins í hópnum. Vinnustundir eru ýmist fyrir eða eftir hádegi.
<b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	EFI-2, APES, HLJÓM 2, íslenski þroska listinn og smábarnalistinn
<b>Hvaða námsefni var notað?</b> Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Mikið af námsefni sérkennslu er útbúið í leikskólanum í samræmi við þarfi barnanna og eru verkefni geymd í verkefnabanka sérkennslu þar sem stuðningsaðilar geta sótt sér og bætt við verkefnum. Mörg verkefni og gögn eru búin til í Widgit online. Einnig er mikið notast við verkefni frá Fjölbreytt kennsla og frá skólavefnum. PECS er notað með þeim börnum sem það þurfa og sjónrænt skipulag er á öllum deildum. Keypt eru inn námsgögn eftir þörfum. Einnig höfum við fengið lánaðan CAT kassann frá Fellaskóla og vonumst til þess að geta nýtt hann með markvissari hætti næsta skólaár.

### Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lærdómssamfélag og örfundir	Sérkennarar og sérkennslustjóri hittist reglulega skiptast á ráðum og fara yfir námsþarfir sérkennslubarna. Stuttir og markvissir fundir	Festa ákveðna fundar tíma vikulega eða aðra hvora viku	Sérkennslustjóri í samráði við leikskólalastjóra	Sept 2024	Maí 2025	Fundargerðir og skráningar	Búið að finna fastann tíma fyrir fundi og ná að hittast a.m.k. 1x í mánuði
Áframhaldandi vinna með að bæta skipulag og skilvirkni vinnustunda	Vinnustundir barnanna þurfa að vera markvissari og reglulegri.	Kortleggja hvaða börn þurfa að fara í einstaklingsþjálfun og hvaða færni þarf að kenna. Setja skýr markmið fyrir vinnustundir og gæta þess að öll þau sem þurfa á einstaklingskennslu fái hana.	Sérkennslustjóri í samvinnu við sérkennara	Septembar 2024	Maí 2025	Halda vinnustunda dagbók og skrá allar vinnustundir. Hver kom í vinnustund með hverjum og hvað var gert (í stuttu máli). Með slíkum skráningum fæst betri yfirsýn yfir vinnustundir og hvaða	Börn með fullan stuðning komist í vinnustund a.m.k. 1 sinni á dag. Unnið með önnur börn í skipulögðum lotum.



						börn eru að fara í vinnustundir	
Efla samskipti og samvinnu milli heimilis og leikskóla	Auka á upplýsingaflæði til foreldra sérkennslubar na til þess að þau geti betur fylgst með námi barna sinna	Stofna lokaða TEAMS hópa fyrir teymi hvers barns, þar er hægt að skrifa inn stuttar færslur um hvað er búið að vera æfa, hvaða spil er verið að nota, deila myndum eða myndböndum o.fl.	Sérkennslustjóri	Mai/júní 2024	Mai 2025	Sérkennslustjóri og sérkennarar meta hvernig gengið hefur að viðhalda TEAMS hópum barnanna og foreldrum er send stutt viðhorfskónun þar sem þau fá tækifæri til þess að gera athugasemdir varðandi þetta fyrirkomulag.	TEAMS síðurnar voru notaðar reglulega yfir veturinn og foreldrar eru ánægðir með fyrirkomulagið.

## 6 Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Leikskólinn Ösp er ríkur af fjölmenningu og fjölbreyttum tungumála- og menningarbakgrunn þeirra sem hann sækja. Yfir 90% barnanna eru tví- eða fjöltyngd og töluð eru yfir 20 tungumál í barnahópnum. Þar sem megnið af börnunum eru tví- eða fjöltyngd þá er starfið í leikskólanum skipulagt samkvæmt þörfum barnahópsins í heild. Markviss vinna með málörvun er og verður áfram á öllum deildum. Dagskipulag deildanna gerir ráð fyrir þemavinnu og er hópastarf, samverustundir, lestrarstundir og spilastundir skipulagðar út frá því hvaða orðaforðapema er í gangi hverju sinni. Í vetur var haldið áfram með 4ra vikna þemu og voru allir ánægðir með það og verður því haldið áfram í sömu mynd. Fellaskóli vinnur einnig eftir sama skipulaginu og hefur reynst þeim vel. Mikil ánægja var með þessa breytingu innan skólans og er hún komin til að vera.

Samstarfið við talmeinafræðinga frá Miðju Máls og Læsis og þjónustumiðstöð Breiðholts hélt áfram en þeir komu til okkar og lögðu fyrir orðaforðapróf fyrir elstu 3 árgangana. Myndaður var samstarfshópur sem aðstoðar leikskólann við áframhaldandi prófanir og vinnslu með niðurstöðurnar. Niðurstöðurnar þetta árið sýndu að töluverðar framfarir áttu sér stað hjá sumum börnum en önnur



sýndu ekki eins miklar framfarir og við vonuðumst eftir. Rýnt verður í niðurstöðurnar til að nýta þær sem best til aðlögunar á kennsluháttum og fundnar verða nýjar leiðir til að ná betur til barnahópsins í heild sinni.

Í vetur var sérstök áhersla lögð á aukna málörvun í útivist og sjálfsprottum leik. Áherslan var á að auka viðveru starfsmanna á leiksvæðum barnanna og nærveru þeirra í leiknum til að auka samtöl og notkun á fjölbreyttum orðaforða. Sama áhersla var á útisvæðinu en þá voru starfsmenn hvattir til að vera með í leiknum og að dreifa sér betur um garðinn. Samkvæmt málstefnu leikskólans er lögð áhersla á að leikskólamálið sé notað öllum stundum í leikskólanum. Þegar börn eru að nota önnur tungumál er starfsfólk hvatt til að kom inn í leikinn og samtalið með því að spyrja spurninga og taka þátt í leiknum og þannig breyta málinu yfir í leikskólamálið. Þetta var einnig gert til að sýna öðrum börnum sem eiga erfitt með að koma inn í leikinn, sérstaklega þegar hann fer fram á tungumáli sem þau ekki skilja, hvernig þau geta nálgast leikinn og orðið þátttakendur.

„Gefðu 10“ var notað með breyttu sniði til að skrá niður samskipti barna og starfsmanna. Hver starfsmaður fékk blað til útfyllingar á því við hvaða börn þeir áttu samtöl við yfir vikuna á deildinni. Samtöl voru skilgreind sem samskipti sem áttu sér stað á milli barns og starfsmanns, en ekki var átt við um skilaboð eða fyrirmæli sem komu frá starfsmanni og ekki var ætlast til svars. Barnið þurfti að svara til baka og eiga í samtali við starfsmann. Niðurstöðurnar voru nýttar til að starfsfólk gæti metið eigin samskipti og við börnin og hvort þau eigi í virkum samtölum við öll börn. Einnig voru niðurstöður notaðar til að meta hvort það séu börn sem tynast í hópnum og fá færri samtöl en önnur. Fjármagnið vegna fjöltýngdra barna var nýtt til að ráða inn starfsmann sem sinnti bæði markvissri málörvun í leikskólanum og vann að því að gera lestrarstundir markvissari. Lagt var í vinnu við að flokka málörvunarefnið og gera það aðgengilegra öllum. Bækur voru valdar út frá þemunum og settar í poka með aðstoðarefni, eins og myndum, og hengdar á snaga. Þetta var gert til að auðvelda starfsmönnum valið á þemabókum og einfalda aðgengið að þeim. Einnig var byrjað á því að setja spil og annað málörvunarefni í poka og merkja þá með leiðbeiningum um notkun og sýna hvaða málþátt er verið að vinna með.

Læsisteymi leikskólans var sett í gagnið aftur í vetur og sáu þær um að skipuleggja viðburði fyrir börnin. Á degi læsis til dæmis var lesin bók með leikrænum hætti fyrir öll börnin í sal skólans. Á degi leikskólans var sama bókin lesin fyrir börnin á nokkrum tungumálum, en til þess var notuð sænsk hljóðbókasíða, Polyglutt, sem bíður upp á þennan möguleika. Teymið fór á TMT, tákn með tali, námskeið í vor og er hugmyndin að vinna meira með það innan skólans næsta vetur. Læsisteymið kemur einnig til með að vinna að læsistefnu Aspar næsta vetur.

Verkefnastjóri Máls og læsis í Fellahverfi, Hlíf Brynja Baldursdóttir og Aðalheiður Einarsdóttir, talmeinafræðingur Fellaskóla, komu inn á kynningarfundum deildanna sem var í haust. Þar kynntu þær



fyrir foreldrum hversu mikilvægur bókalestur er fyrir orðaforða barnanna og hvernig foreldrar geta stutt við börnin sín heima.

Næsta vetur verður aðaláherslan lögð á sjálfsprottinn leik og hvernig best er að nota tækifærin á deildinni til þess að auka við orðaforða barnanna. Hvert hlutverk starfsmanna er í leiknum og hvernig þau styðja við málþroska barnanna í öllum stundum dagsins.

## Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrg ð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangu r
<b>Tungumálastefna heimila</b>	Auka þarf fræðslu um tungumálastefnu heimilanna	Brúarsmiðir Miðju máls og læsis verða fengnir til að kynna fyrir foreldrunum tungumálastefnu á foreldrafundum í haust	Verkefna stjóri fjölmenni ngar	Sept 24	Maí 25	Send verður önnur könnun á foreldra með betri svörun og hækkandi prósentu á þeim foreldrum sem þekja og nota tungumálastefnu á sínu heimili	Að tungumál astefnur séu virkar á öllum heimili
<b>Málörvun í sjálfsprottum leik</b>	Að starfsmenn séu meira með í leik barnanna	Starfsmenn eru hvattir til að vera til staðar í leik barnanna og hvetja þau til samtals á leikskólamálinu	Verkefna stjóri fjölmenni ngar	Sept 24	Maí 25	Skráning á samtölum og viðveru starfsmanna í sjálfsprottum leik	Að samtöl í leiknum fari í auknum mæli fram á leikskólamálinu
<b>Læsisstefna leikskólans</b>	Læsissteymið mótar læsisstefnu leikskólans	Reglulegir fundir læsissteymis til að vinna með stefnuna	Verkefna stjóri fjölmenni ngar	Sept 24	Maí 25	Fundargerðir og lokaútgáfan	Útgefin læsisstefna Aspar

## 7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Líkt og fyrra ár voru stjórnendur með þrjú starfsþróunarsamtöl yfir leikskólaárið. Allir fengu sín samtöl í október/nóvember 2023, febrúar 2024 og maí/júní 2024. Fyrsta samtali skiptu stjórnendur starfmannahópnum á milli sín en annað og þriðja samtöl tók aðstoðarleikskólastjóri við alla starfsmenn. Áherslur í samtölunum voru í takt við niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna en einnig var rætt um hlutverk þeirra og þátttöku í leikskólastarfinu. Snerpusamtölin hafa gengið mjög vel og við munum halda okkur við þau.



Fræðsla leikskólaárið 2023-2024:

- Tveir starfsmenn voru á menntafléttunámskeiðinu Íslenskuþorpið.
- Þrír starfsmenn héldu áfram námi í leikskólakennarafræðum hjá HÍ, tveir í grunnnámi og einn í framhaldsnámi.
- Þrír starfsmenn (læsissteymið), fóru á TMT námskeið hjá Ráðgjafar- og greiningarstöðinni.
- Allir starfsmenn fengu fræðslu um breytingar á Aðalnámskrá leikskóla, sérstaklega var rætt um sjálfsprottinn leik og hlutverk starfsfólks í leiknum.
- Allir starfsmenn hafa fengið tíma til að lesa Handbók um leikinn og verður haldið áfram að vinna með það næsta leikskólaár.
- Stjórnendateymið fékk allt tækifæri til að fara í „job-shadowing“ ferð. Aðstoðarleikskólastjóri og tveir deildarstjórar fóru í leikskóla í Danmörku. Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og einn deildarstjóri fóru til Svíþjóðar.
- Á starfsmannafundi var tveggja tíma fræðsla um námsrými og efnivið og hlutverk starfsfólks til að nýta þau sem best.
- Á sameiginlegum skipulagsdegi með Holti og Fellaskóla fengu starfsmenn fræðslu frá KVAN um samskipti og félagsfærni barna á leik- og grunnskólaaldri.
- Saga Stephensen var með fræðslu og kynningu á Hæfnirömmum fyrir fjöltyngd börn.
- Á skipulagsdegi var fræðsla um aðlögun.
- Allir tóku þátt í Menntastefnumóti
- Allir stjórnendur hafa fengið fræðslu um nýju farsældarlögin
- Allt starfsfólk fór á netnámskeið á vegum BOFS
- Leikskólastjóri fór í námsferð með öðrum stjórnendum í Breiðholti til Svíþjóðar og Danmerkur

## 8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

MOLF verkefninu (Málþroski og læsi í Fellahverfi) lauk formlega með styrkjum ráðuneytisins í september 2023 en verkefnið heldur áfram að festa sig í sessi hjá okkur. Tímarammi starfsáætlunar fyrir leikskólaárið 2024-2025 er að finna í fylgiskjali 1. Eitt stórt skref í þessu samstarfi var tekið á þessu leikskólaári sem var að deildarstjóri máls og læsis í Fellaskóla varð einnig starfsmaður Holts og Aspar, 10% í hvorum leikskóla. Á sameiginlegum skipulagsdegi í haust var einnig fræðsla fyrir allt starfsfólk þessara skóla frá KVAN þar sem lögð var áhersla á samskipti og félagsfærni barna með það í huga að finna verkfæri fyrir starfsfólk til að nýta með starfsmannahópnum á báðum skólastigum.

Það var tilraunaverkefni með fasta íþróttatíma fyrir elsta árganginn sem Kristina frá Hreyfilandi sá um, hún kom í leikskólann einu sinni í viku. Það gekk ágætlega en salurinn



okkar er of lítt fyrir þessa tíma. Við viljum gjarnan færa þá aftur út í íþróttahús í hverfinu eins og þeir hafa áður verið.

## 9 Foreldrasamvinna

Haustið fór vel af stað og gekk aðlögun nýrra barna mjög vel. Haldnir voru þrír foreldrafundir þar sem foreldrum af hverri deild fyrir sig var boðið á kynningu á starfi vetrarins. Á þessa fundi mættu þær Hlíf Brynja Baldursdóttir verkefnastjóri og Aðalheiður Einarsdóttir talmeinafræðingur úr Fellaskóla til að tala um mikilvægi málörvunar og að lesa fyrir börnin. Mikil og góð samvinna er á milli skólastiga og því þykir okkur mikilvægt að foreldrar kynnist því frá fyrsta degi. Góð mæting var á alla fundina og túlkar mættu fyrir þá sem þess óskuðu. Foreldraviðtöl voru í vetur bæði fyrir og eftir áramótin, þar sem deildarstjóri ræddi við foreldra um líðan barnsins í leikskólanum.

Á haustönn fórst það fyrir að bjóða foreldrum í heimsókn í leikskólann en reynt var að bæta upp fyrir það á vorönninni. Í stað þess að vera með bónda- og konukaffi þá buðum við öllum foreldrum í sameiginlegt kaffi í janúar. Í febrúar héldum við Alþjóðlega Móðurmálsdaginn hátíðlegan og buðum foreldrum til okkar í pálínuboð og heppnaðist það einstaklega vel. Það var mjög góð þátttaka og voru foreldrar ánægðir með daginn. Sumarhátíðin var svo haldin hátíðlega 14. Júní og var foreldrum boðið að koma með veitingar á hlaðborð til að fagna deginum með okkur. Leikskólinn fékk hoppukastala í garðinn sem vakti mikla lukku hjá öllum, bæði börnum og foreldrum.

Foreldraráðið hefur verið til staðar í vetur og voru 3 fulltrúar í því. Haldnir voru tveir fundir með þeim í vetur. Foreldraráð tók ákvörðun um að setja á fót foreldrafélag við skólann sem myndi taka þátt í sumarhátíð, sveitaferð og fleiru, en það hefur ekki verið til staðar í langan tíma. Farið verður í stofnun þess á nýju skólaári, en ekki gafst tími til þess í vor.

Send var út könnun til foreldra í vor til að fá skoðanir þeirra og hugmyndir um hvað er vel gert í leikskólastarfinu, hvað mætti betur gera og hvaða nýjungar er hægt að bæta við. Hugmyndin var að nýta svörin fyrir starfsáætlun næsta skólaárs en svörunin var nánast engin. Hugsanlega var formið ekki rétt sem könnunin var send á og verður það endurskoðað og gert betur næsta vetur. Það skiptir okkur miklu máli að samstarfið sé gott og að við fáum raddir foreldra inn í leikskólann.

Við brydduðum upp á nýjung þetta árið en nýjum foreldrum var boðið að koma á kynningarfund í leikskólanum í byrjun júní. Þar voru stjórnendur og kennarar kynntir sem og foreldrum gefið tækifæri til að skoða sig um í leikskólanum, túlkar mættu fyrir þá sem þess óskuðu. Fyrstu viðtöl við nýja foreldra eru hafin og klárast í byrjun júlí. Í þessum viðtölum er farið einstaklingslega yfir þær upplýsingar sem foreldrar þurfa við byrjun aðlögunar.

Við höldum áfram að setja allar upplýsingar til foreldra á lokaða facebooksíðu og vikulegir tölvupóstar til foreldra munu einnig halda áfram. Vel hefur gengið að nota Völu-appið og eru allir foreldrar, sem geta, komnir með það í símann sinn. Allar myndir af börnunum og starfinu eru núna settar inn í Völuna.



## 10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2024-25

- 1.október. Sameiginlegur með Holti og Fellaskóla, allur dagurinn.
- 22. nóvember. Sameiginlegur með Holti og Fellaskóla, allur dagurinn.
- 6. janúar. Sameiginlegur með Holti, allur dagurinn.
- 6. febrúar. Dagur leikskólans. Sameiginlegur með Holti, allur dagurinn.
- 19.mars Sameiginlegur með Holti og Fellaskóla, allur dagurinn.
- 16. maí. Stefnum á námsferð innanlands

(Sjá leikskóladagatal 2024-2025 í fylgiskjali 2)

## 11 Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal 2024-25

Fylgiskjal 2 – Tímarammi samstarfsáætlunar 2024-25

Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Aspar

Halldóra Sigtryggsdóttir

1.júlí 2024

---

Leikskólastjóri

Dagsetning





# 11.1 Fylgiskjal 1 - Leikskóladagatal 2024-2025

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUÁR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F Sumarbún	1 S	1 Þ Skuggdagur	1 F	1 S Félagsdagurinn	1 M Miðdagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Veiðislagurinn	1 S	1 Þ
2 F Sumarbún	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M Símanndagurinn	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 Miðstjórastjórn	4 L	4 Þ	4 Þ Skuggdagur	4 F	4 S	4 M	4 F
5 Miðdagur vestarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 L
6 Þ Sumarbún	6 F	6 S	6 M	6 F Föndrakaffi	6 M Skuggdagur þráttarinn	6 F Leikskóladagurinn	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S
7 M Sumarbún	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L	7 M
8 F Sumarbún	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S Hvítasmúdagur	8 Þ
9 F Sumarbún	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M Annar Hvítasunnudagur	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F
12 M Sumarbún	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 L
13 Þ Óþunnefur sumri	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L	14 M
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 L
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L	21 M
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M	23 M
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F
26 M	26 F	26 L	26 M	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 L
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L	28 M
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 S	30 M	30 F	30 M	30 M
31 L		31 F	31 Þ	31 M	31 F	31 M	31 M		31 L		



## 11.2 Fylgiskjal 2 – Tímarammi samstarfsáætlunar 2024-2025

### Tímarammi samstarfsáætlunar 2024-2025



Mánuður	Atburður	Markmið	Ábyrgð og umsjón - Mat og skráning	Þátttakendur	Tími
	<b>Skipulagsfundur v/haustannar BB+HH</b>	Að fara yfir samstarfið á haustönn.	Leikskólastjórar og deildarstjórar F - mat á haustönn og tímarammi vorannar	Deildarstjórar F og leikskólastjórar	5. sept. 2024
September	Samráðsfundur velja 2-3 sameiginleg lög fyrir Dag isl. tungu (14. nóv.) og skipuleggja sameiginlegar æfingar. Kynning v/foreldrafunda að hausti.	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð - Upplýsingum miðlað til verkefnastjóra MOLF	Deildarstjórar HÖ AE, BB og KG	17. sept. 2024
Sept – okt.	<b>Foreldrafundur á Holti og Ösp</b>	Efla sameiginlega foreldrafraeðslu í hverfinu. Sami fyrirlestur fyrir leik- og grunnskóla. 18.sept (F) 19.25.26. sept. (Ö) 24.sept. 2.4.8.9.10. okt. (H)	Stjórnendur og deildarstjóri máls og læsis	Deildarstjórar Leiksk.stj. BB og AE	19. sept. til 10. okt. 2024
Sept – okt	<b>Hljóm - 2 lagt fyrir elstu börnin í Holt og Ösp Hljómstundir elstu barna hefjast 1. sept.</b>	Fylgjast með hljóðkerfisvitund barnanna í elsta árg.	Deildarstjórar elstu barna	Deildarstjórar	15. sept. – okt. 2025
Október	<b>1. bekkur heimsækir leikskólana</b> og taka þátt í frjálsum leik. Dagsetning ákveðin á fundi 17. sept.	Að nemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans	Verkefnastjórar á leikskólunum - Myndir/fréttir á vef miðlað	Deildarstjórar HÖ og kennarar F	Okt. 2024
	<b>Orðaforðaprófanir MML</b>	Fylgast með íslenskum orðaforða 3ja til 6 ára barna	MML	MML	Okt.
	Samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar HÖ AE, BB og KG	15. okt. 2024
	Niðurstöður námsmats í 1. bekk og Hljóm	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstj. HÖ AE, BB og KG Stjórn. skóla	12. nóv. 2024
	<b>Heimsóknir milli leikskóla + 1.b. F</b> Börnin hittast og syngja saman lög fyrir Dag íslenskrar tungu – Ákveða dagsetn og tíma 17.sept. Tvö lög – amk. annað m/hreyfingu – samráð m/ft bekk	Að verðandi skólafélagar kynnist og skapi tengsl	Deildarstjórar HÖ + deildarstjóri máls og læsis F - Myndir/fréttir á vef miðlað	Deildarstjórar	Dagana 28.okt-13.nóv. 3 sinnum
	<b>Dagur íslenskrar tungu</b> Leikskólabörn af báðum leikskólum syngja saman í athöfn í Fellaskóla	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum betur.	Stjórnendur og deildarstjórar - Myndir/fréttir á heimasíðu	Deildarstjórar	14. nóv. 2024
Desember	<b>Helgileikur</b> Leikskólabörnum boðið á generalprufu á helgileik í skóla og í heimsókn inn í 6.b.	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum enn betur og finni til öryggis þar.	Verkefnastjórar HÖF - Myndir/fréttir á heimasíðu á vef (Vala)	Deildarstjórar	18. des. 2024
	<b>Skipulagsfundur v/vorannar BB+HH</b>	Að meta samstarfið á haustönn.	Leikskólastjórar og deildarstjórar F - mat á haustönn og tímarammi vorannar	Deildarstjórar F og leikskólastjórar	13. des. 2024
Janúar	<b>K-PALS stundir hefjast</b>	Leggja grunn að lestrarnámi elstu barnanna	Deildarstjórar elstu barna	Deildarstjórar	6. jan. 25
Febrúar	<b>Leikskólabörn koma í smíðjur</b>	Að kynnst húsnæði grunnskólans og starfsemi. Að leikskólabörnin finni öryggi við skólaskiptin. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórar HÖF - Myndum og fréttum miðlað	Deildarstjórar	13. og 20. febrúar 2025
	<b>Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur</b>	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	11. febrúar 2025
Mars	<b>Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur</b>	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	25. mars 2025
Mars	<b>Lestur í leikskólum</b> Nemendur í 5. bekk lesa á ýmsum tungumálum (íslenska + móðurmál) í leikskóla og sameiginleg útivera eftir lestur	Að miðla góðum fyrirmyndum til yngri barnanna og styðja við virkt tvtvtyngi	Deildarstjórar í Fellaskóla - Myndum og fréttum miðlað	Deildarstjórar	26.mars 2025
Mars	<b>Hljóm – 2 – endurmat – elstu börnunum – allir.</b>	Fylgjast með framförum hljóðkerfisvitundar hjá elstu börnunum	Deildarstjórar elstu barna	Deildarstjórar	3. mars – 30. apríl
Apríl	<b>Skipulagsfundur v/haustannar BB/HH Leikskólastjórar, deildarstjórar Fellaskóla</b>	Að meta samstarfið á árinu, horfa til framtíðar.	Leikskólastjórar og deildarstjórar F - mat á vorönn og tímarammi haustannar	Deildarstjórar F og leikskólastjórar	30. apríl 2025
Apríl	<b>Orðaforðaprófanir MML</b>	Fylgast með íslenskum orðaforða 3ja til 6 ára barna	MML	MML	Apríl
Mái	<b>Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur</b>	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	6.mái 2025
Mái	<b>3 daga vorskóli og kynning fyrir foreldra</b> Börnum utan hverfis og foreldrum boðið í heimsóknina	Að börnin kynnist fjölbreyttu starfi skólans og finni til öryggis við skólaskiptin. Að verðandi kennarar 1. b. kynnist nem. og þeir	Deildarstjóri Fellaskóla - Myndum og fréttum miðlað	Deildarstjóri F	13.-15.mái 2025
		hver öðrum. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.			
	<b>Útskrift leikskólabarna í hátíðarsal</b> Fellaskóla Holt og Ösp	Fer fram í Fellaskóla til að mynda tengingu milli skólastiga.		Leikskólastjórar Brynja + stjórnandi úr F.	23. maí 2025 Kl.14:30
	<b>Skilafundur milli leik- og grunnskóla og frístundar</b>	Að skapa samfellu milli leik- og grunnskóla og að allar nauðsynlegar upplýsingar fylgi milli stiga.	Deildarstjóri yngra stigs Fellaskóla	Deildarstjórar elstu deilda	

Ljósblár	Heimsóknir nemenda í leikskóla
Appelsínugulur	Heimsóknir barna í skóla
Grænn	Samráð starfsmanna
Bleikur	Skimanir og íhlutun í leikskóla



## 11.3 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs

# Starfsáætlun 2024 – 2025 Ösp

## Umsögn foreldraráðs

### Foreldraráð leikskólans skipa:

Chastity Rose D. Gísladóttir

Endija Madara Simniskiene

Eydís Anna G Martinsdóttir



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## Umsögn foreldraráðs:

**Foreldraráð gefur starfsáætlun Aspar jákvæða umsögn fyrir 2024-2025. Áætlunin er nákvæm og afar vel unnin. Það þarf að halda áfram að efla þátttöku foreldra í leikskólastarfinu. Foreldrafélagið er komið langt á áætlun og mun vera komið í gang í haust.**



